

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Vikurskarðs 6.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. ágúst 2024 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Vikurskarðs 6. Breytingin snýr að húsgerð, tvíbýli er breytt í parhús með tveimur íbúðum á 1-2 hæðum, hámarksfermetrar eru 430 fm. Bílastæðum er fjölgað úr 2 í 4. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,51 í 0,58, breyting er gerð á lögun byggingarreits. Þak verði annaðhvort flatt eða einhalla.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Straumhelli 17.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. ágúst 2024 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna Straumhelli 17. Breytingin felur í sér að bætt er við nýrri innkeyrslu á vesturhlíð lóðar.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir ásamt greinargerðum og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Breytingarnar öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 26. ágúst 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Aleksandra Julia Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.